

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. maí 2021

Mál nr. E-1959/2019:

E

(Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður)

gegn

Veiðifélagi Þ, Æ og Z

(Grímur Sigurðsson lögmaður)

og B til réttargæslu

(Sjálfur)

Dómur

Mál þetta var höfðað 9. apríl 2019. Stefnandi er E og stefndi Veiðifélag Þ, Æ og Z. B er stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu 1.692.857 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 1.142.857 krónum frá 7. maí 2015 til 31. maí 2017 en af 1.692.857 krónum frá 1. júní 2017 til greiðsludags auk málskostnaðar. Ekki eru hafðar uppi kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Réttargæslustefndi gerir ekki kröfur í málinu.

Dómari tók við meðferð málsins 14. janúar síðastliðinn en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Málavextir

Stefndi er veiðifélag fyrir þrjár laxveiðiár sem eru í V og fellur undir VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. er skylduaðild að félaginu en félagsmenn eru samkvæmt 2. mgr. sömu greinar allir skráðir veiðiréttarhafar á félagssvæðinu, sbr. 12. gr. laganna. Starfsemi stefnda mun vera samkvæmt samþykktum félagsins rekin í þremur deildum. Hverri deild fyrir sig ber að sjá algerlega um rekstur, fjárhag, fiskirækt og leigu vegna árinna sem fellur undir viðkomandi deild. Í Æ-deild sem lýtur að rekstri vegna Æ munu vera tveir veiðiréttarhafar, vegna jarðanna Ö og Y.

Stefnandi er meðal eigenda jarðarinnar Ö. Með afsali dagsettu 2. júlí 1998, sem var afhent til þinglýsingar 31. júlí sama ár, afsöluðu hjónin C og D jörðinni Ö til fimm barna

sinna en börn þeirra eru sjö að tölu. Tekið var fram að stefnandi væri eigandi að þremur sjöundu hlutum en hver hinna fjögurra afsalshafa væri eigandi að einum sjöunda hluta. Fyrir liggur einnig svonefndur sölusamningur, sem dagsettur er 1. ágúst 1998. Þar var kveðið á um að þau hjónin seldu jörðina í jöfnum hlutföllum til allra barnanna sjö og að salan væri bundin þeirri kvöð að afkomendunum væri óheimilt að selja eignarhluta sína á frjálsum markaði næstu tuttugu árin. Þeim væri þó heimilt að selja sinn hluta börnum sínum, systkinum eða þeirra börnum á framreiknuðu sama verði og þau hefðu keypt sinn hluta. Kvöðum samkvæmt skjalinu er lutu að nefndum takmörkunum á sölu var þinglýst á jörðina með sérstakri yfirlýsingu 28. júlí 2005.

Fyrir liggur að samkvæmt fyrrnefndu afsali, frá 2. júlí 1998, féllu í hlut stefnanda eignarhlutir sem tilgreint var að kæmu í hlut tveggja af bræðrum hennar, F og G. Stefnandi var þannig skráð eigandi að þremur sjöundu hlutum jarðarinnar með gögnum og gæðum. Mun sá háttur hafa verið hafður á af hagkvæmnisástæðum er lutu að aðstæðum hvors þeirra bræðra fyrir sig. Með afsali dagsettu 31. maí 2005 afsalaði stefnandi einum sjöunda eignarhluta til G. Einn sjöundi hluti eignarinnar, sem svarar til eignarhluta F, er enn skráður eign stefnanda. Fram kom við aðalmeðferð, meðal annars í aðilaskýrslu stefnanda, að faðir systkinanna hefði kosið að hafa þennan háttinn á varðandi eignarhluta F með tilliti til þess hvernig fjármálum hans hefði verið komið á þeim tíma. Byggt var á því af hálfu stefnanda að hún hefði hlutinn í jörðinni til tryggingar gagnvart fjárskuldbindingum sem hún hefði axlað fyrir F þar sem hún væri þinglýstur eigandi að fasteign hans á X og skuldari áhvílandi lána. Arðgreiðslur sem til féllu vegna eignarhlutans í Ö væru, að höfðu samráði við F, stundum nýttar til greiðslu gjaldfallinna skuldbindinga. F staðfesti upplýsingar um aðkomu stefnanda að eignum hans, bæði eignarhluta í Ö og á X, en kannaðist ekki við að hún annaðist greiðslur fjárskuldbindinga sinna þar sem hann greiddi þær sjálfur.

Í október árið 2000 stóðu öll sjö systkinin að gerð samkomulags er laut að sameiginlegu eignarhaldi jarðarinnar Ö. Þar var því lýst yfir að þau ættu hana í óskiptri sameign. Í samkomulaginu getur meðal annarra eftirfarandi ákvæði að líta:

Öll fjármál jarðarinnar skulu falin fjárhaldsmanni, sem kosinn skal á aðalfundi.

Tekjum skal fyrst ráðstafað til greiðslu á opinberum gjöldum og öðrum lögskyldum kostnaði, sem og greiðslu áhvílandi lána er varða jörðina.

Hagnaður skiptist á milli eignarhluta, nema annað sé ákveðið á aðalfundi.

Verði tap skulu eigendur standa skil á greiðslum til fjárhaldsmanns innan 30 daga frá tilkynningu.

Samþykki allra þarf til á eigendafundi ef ráðast á í framkvæmdir sem fara fram úr tekjum jarðarinnar.

Í samkomulaginu var jafnframt kveðið á um að fjárhaldsmaður boðaði til aðalfundar árlega sem halda skyldi í ágúst. Boðuninni átti að fylgja uppgjör og veita skyldi aðgang

að öllum gögnum er lytu að fjármálunum. Kjósa átti fundarstjóra og fundarritara og kveðið var á um að undirrituð fundargerð teldist fullgild sönnun þess sem gerst hefði á fundi. Í samkomulaginu var einnig ákvæði um eigendafundi sem hver eigandi gæti boðað til með umsömdum fyrirvara. Fundur teldist lögmætur ef réttilega væri til hans boðað. Kveðið var á um að tillögur þyrfti að afgreiða með formlegum hætti og hlyti tillaga samþykki meirihluta atkvæða teldist hún samþykkt og allir sameigendur væru bundnir af samþykki fundarins. Þá var kveðið á um að fimm af sjö atkvæðum þyrfti til að breyta samkomulaginu.

Fyrir liggur að systkinin skiptust á að sinna hlutverki fjárhaldsmanns í samræmi við samkomulagið en í því fólst að taka við arðgreiðslum frá Þ-deild og Æ-deild stefnda og ráðstafa þeim tekjum í samræmi við 2. gr. samkomulags þeirra. Í nokkur skipti mun hafa komið til þess að einstakir eigendur í systkinahópnum ámálgðu það að fá arð greiddan til sín í samræmi við eignarhluta sinn en öllum slíkum óskum mun hafa verið synjað. Frá árinu 2011 til og með 2014 var stefnandi fjárhaldsmaður sameignar Ö.

Réttargæslustefndi sendi systkininum sínum fundarboð með tölvupósti 13. mars 2015. Með fundarboðinu, sem hafði að geyma dagskrá, var boðað til aðalfundar í samræmi við 5. gr. samkomulags þeirra, sem halda skyldi 30. mars 2015. Til fundarins mættu fimm systkinanna og voru tvö þeirra með umboð fyrir tvo bræður sem voru fjarstaddir. Var fundurinn þannig sóttur vegna allra eignarhlutanna. A tók að sér ritun fundargerðar. Gerð var grein fyrir fundardagskrá í fundargerð með vísan til boðunarinnar án athugasemda af hálfu fundarmanna. Meðal fundarefna voru ársreikningar sem stefnandi kynnti sem fjárhaldsmaður vegna síðustu fimm rekstrarára, þar sem aðalfundir höfðu ekki verið haldnir né gerð grein fyrir uppgjörum á því tímabili. Bókað var að afgreiðslu reikninganna væri frestað. Í samræmi við dagskrá var kosinn fjárhaldsmaður og var réttargæslustefndi kosinn með öllum atkvæðum án athugasemda eða mótframboðs. Undir dagskrárlíðnum önnur mál kynnti stefnandi bréf þar sem þess var óskað að tveimur sjöundu hlutum af arði jarðarinnar yrði ráðstafað inn á persónulegan bankareikning hennar. Fært var til bókar að bréfið væri stílað á stjórnir Þ- og Æ-deildar og afrit til stjórnarmanna og sameigenda. Bókað var að I, formaður stjórnar Æ-deildarinnar, hefði verið á fundinum, en hann er einn sameigenda Ö. Bókað var að I hefði rakið að stjórnarfundur væri í vændum hjá deildinni og að hann hefði gert grein fyrir fjárhag hennar. Við aðalmeðferð málsins fyrir dómi báru hann og aðrir stjórnarmenn deildarinnar um að bréf stefnanda hefði ekki borist deildinni.

Arður af rekstri Æ-deildar sem kom í hlut Ö og var til útborgunar árið 2015 var 4.000.000 króna. Óumdeilt er að sú fjárhæð var greidd réttargæslustefnda sem fjárhaldsmanni í tveimur greiðslum, 21. apríl 2015 og 7. maí 2015. Stefnandi krefst greiðslu sem nemur tveimur sjöundu af fjárhæð þessari, 1.142.587 króna.

Réttargæslustefndi útbjó drög að uppgjöri 20. febrúar 2016 vegna sameignar Ö og lét fylgja því svonefnt fylgibréf sem hann ritaði undir ásamt þremur bræðrum sínum þar sem því var lýst yfir að líta yrði svo á að þau þrjú systkini sem ekki rituðu undir skjalið hefðu brotið gegn samkomulaginu um Ö, meðal annars með því að hafna kjöri fjárhaldsmanns sem þau hefðu sjálf kosið til að gæta fjármála sameignarinnar. Því væri ekki unnt að byggja lengur á samkomulaginu vegna brostinna forsendna. Af þessum sökum myndi réttargæslustefndi sem fjárhaldsmaður gera upp peningalega stöðu, sem svo var nefnd, við einstaka sameigendur eftir því sem kostur væri á miðað við fyrirliggjandi gögn. Því var jafnframt lýst yfir að að afloknu fjárhagsuppgjöri við eigendur yrði að líta svo á að sameiginlegur fjárhaldsmaður sameignarinnar hefði lokið hlutverki sínu.

Réttargæslustefndi útbjó sérstakt yfirlit sem fylgdi drögnum þar sem gerð var grein fyrir þeim fjárhæðum sem hann taldi eiga að horfa til við þetta uppgjör. Þar væri til eftirstöðva 4.000.000 króna arðgreiðslunnar að líta, 3.935.332 króna, og svo handbærs fjár hjá stefnanda sem væri í hennar fórum sem fyrri fjárhaldsmanns að fjárhæð 236.818 krónur, tveggja arðgreiðslna frá Þ-deildinni vegna arðs árin 2015 og 2016, samtals að fjárhæð 1.171.113 krónur, sem greiddar hefðu verið til stefnanda, auk tveggja greiðslna vegna arðs frá þeirri deild sem G hefði fengið í sinn hlut, samtals að fjárhæð 195.186 krónur. Þessar fjárhæðir ásamt arðinum sem réttargæslustefndi hefði milli handa mynduðu samtölu þeirrar fjárhæðar sem réttargæslustefndi tilgreindi að væri til ráðstöfunar til eigenda, 5.538.449 krónur. Sjöunda hluta þessarar fjárhæðar tilgreindi hann svo að kæmi í hlut hvers eiganda um sig, 791.207 krónur.

Réttargæslustefndi lýsti því síðan að hann myndi greiða sér sjálfum, H, I og F, sem næmi 791.207 krónum hverjum um sig, samtals 3.164.828 krónur en eftirstöðvum þeirra fjármuna sem hann hefði í sínum vörslum, 770.504 krónum, yrði ráðstafað til stefnanda sem fjárhaldsmanns þeirra þriggja systkina sem litu á hana sem fjárhaldsmann. Hún myndi svo nýta þá fjármuni ásamt öðrum fjármunum sem hún hefði fengið til að annast greiðslu arðs til þeirra þriggja, hennar sjálfrar, G og A. Í þeirra hlut kæmu þannig einnig 791.207 krónur. Þar af væru 256.835 krónur til hvers þeirra um sig vegna þeirra 770.504 króna sem réttargæslustefndi millifærði til stefnanda en eftirstöðvarnar af bankareikningi stefnanda vegna sameignarinnar.

Fyrir liggur samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi að hún hefur ekki greitt neinn arð til sín, G eða A. Hún bar um að hafa heldur kosið að varðveita peningana til greiðslu útlagðs kostnaðar, einkum vegna trygginga og rafmagnskostnaðar, vegna sameignarinnar sem hún væri skuldbundin til að greiða þar sem kostnaðurinn væri gjaldfærður á hana.

Á árinu 2017 kom á ný til útborgunar arðs úr Æ-deild stefnda. Nam sá arður 7.700.000 krónum og kom helmingur þeirrar fjárhæðar, 3.850.000 krónur, í hlut eigenda Ö. Sjöundi hluti þeirrar fjárhæðar nam 550.000 krónum sem mun vera sú fjárhæð sem hverju systkinanna hefur verið greidd. Stefnandi hefur uppi kröfu á hendur stefnda um

annan hlut er nemi 550.000 krónum í krafti þinglýsts eignarhluta sem nemur tveimur sjöundu. Upplýst er að stefndi greiddi F þá fjárhæð.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Skýrslur sem vitni gáfu H, I, B, F, J, K, A og L.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að hún hafi óskað eftir því með bréfi 27. mars 2015 að arði frá Æ-deild stefnda yrði ráðstafað beint til hennar. Bréfið hafi hún afhent formanni stjórnar Æ-deildar stefnda á fundi eigenda Ö 30. mars 2015. Afturköllun stefnanda á eldra fyrirkomulagi greiðslna hafi verið skuldbindandi bæði gagnvart sameigendum hennar og Æ-deild stefnda. Deildin hafi frá þeim tíma verið skuldbundin til að greiða arð beint til hennar en ekki gert það.

Stefnufjárhæð kröfu hennar nemi annars vegar tveimur sjöundu hlutum af arðgreiðslu árið 2015 vegna Ö, 1.142.857 krónum, sem beri dráttarvexti frá 7. maí 2015 er síðari hluti arðs það ár var greiddur og hins vegar einum sjöundu hluta af arðgreiðslu árið 2017, 550.000 krónum, sem beri dráttarvexti frá 31. maí 2017 þar sem sú greiðsla hefði átt að vera greidd í þeim mánuði. Heildarkrafa stefnanda, 1.692.857 krónur, beri dráttarvexti frá þeim tíma.

Um stefnda sem skylduaðildarfélag sem stefnanda sé skylt að eiga aðild að gildi strangar lögbundnar reglur sem stjórnarmönnum sé skylt að fylgja. Stjórnarmenn Æ-deildar stefnda hafi fengið skýr fyrirmæli um að greiða arðgreiðslur beint til stefnanda áður en til arðgreiðslna kom á árinu 2015. Þeir hafi ekki gert það og á því hafi stefnandi ítrekað krafist leiðréttingar. Til þess hafi stefnandi haft fullan rétt sem félagsmaður í Æ-deild stefnda í krafti eignarhluta hennar í jörðinni Ö. Stefndi beri fulla ábyrgð á meðferð, skiptingu og greiðslu arðs til félagsmanna í samræmi við ákvæði laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þar sem aðalfundur stefnda hafi boðvald í málefnum hveftrar deildar sé stefndi réttur aðili málsins. Því sé sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda að stefndi geti efnt greiðsluskyldu sína með því að greiða réttargæslustefnda sem fjárhaldsmanni sameignar eigenda Ö. Það eigi ekki við rök að styðjast að jarðalög nr. 81/2004 eða lög um lax- og silungsveiði skuldbindi eigendur jarðarinnar til þess að hafa fyrirvarsmann sem taki við arðgreiðslum fyrir hönd hóps eigenda. Stefnandi sé ekki skuldbundin til að láta slíkan fyrirvarsmann koma fram fyrir hennar hönd, slík takmörkun á eignarétti eigi sér ekki stoð.

Réttargæslustefnda sé stefnt í samræmi við 21. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem hann muni hafa fengið umræddar greiðslur til sín þvert á fyrirmæli stefnanda sem voru honum ljós. Hann hafi enda verið viðstaddur þegar bréf stefnanda var afhent stjórnarformanni Æ-deildarinnar og þegar fyrirmæli stefnanda voru bókuð í fundargerð sameigendafundar.

Málsástæður stefnda:

Stefndi krefst sýknu vegna aðildarskorts með vísan til 10. gr. samþykktu stefnda þar sem kveðið er á um að félagið starfi í deildum og hver deild hafi sjálfstæðan fjárhag og lúti sjálfstæðri stjórn en kröfur stefnanda beinist einvörðungu að Æ-deild stefnda. Næðu þær fram að ganga myndu allar deildir stefnda þurfa að bera tjónið, ekki einungis Æ-deildin, sem stefnanda hafi borið að stefna, enda deildin þess umkomin að njóta aðildarhæfis.

Óumdeilt sé að Æ-deild stefnda greiddi veiðiréttarhöfum Ö arðgreiðslu að fjárhæð 4.000.000 króna árið 2015 sem var innt af hendi til réttargæslustefnda sem fjárhaldsmanns sameignarinnar. Með þeim greiðslum hafi stefndi efnt fjárskuldbindingar sínar gagnvart félagsmönnum stefnda að fullu. Hvorki stefnandi né aðrir eigendur Ö geti haft uppi frekari kröfur gagnvart stefnda vegna greiðslunnar.

Þá er byggt á því að hinn eiginlegi veiðiréttarhafi í skilningi 1. mgr. 12. gr. laga um lax- og silungsveiði sé með vísan til 2. gr. samþykktu stefnda jörðin Ö, ekki einstakir eigendur jarðarinnar, sbr. einnig 39. gr. laganna, eins og áréttað sé í athugasemdum við frumvarp til laganna í umfjöllun um þetta ákvæði. Jörðin sé þannig hinn eiginlegi félagsmaður í Æ-deild stefnda, veiðiréttarhafi og móttakandi arðs.

Til laga um lax- og silungsveiði sé að líta svo og jarðalaga nr. 81/2004 um fyrirvar jarða þegar eignarhald þeirra er í sameign. Í slíkum tilvikum skuli sameigendur gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisrétt í veiðifélagi og tilkynna það félaginu með sannanlegum hætti, sbr. 1. málslíð 2. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði sem eigi við um Ö. Á sama hátt sé kveðið á um í 9. gr. jarðalaga að tilnefna beri fyrirvarsmann sem hafi umboð til að koma fram fyrir hönd annarra eigenda jarðar við úrlausn mála er lúta að réttindum og skyldum eigenda og til að taka ákvarðanir um daglegan rekstur og hagsmunagæslu vegna sameignarinnar.

Þar sem eigendur Ö séu fleiri en þrír eigi tilvitnað ákvæði jarðalaganna við og þeim sé því skylt að tilnefna fyrirvarsmann. Það hafi þeir gert með samkomulagi árið 2000 sem hafi verið þinglýst á jörðina, en í 1. málslíð 2. gr. samkomulagsins komi fram að öll fjármál jarðarinnar skuli fela fjárhaldsmanni sem kosinn skuli á aðalfundi.

Á því er byggt af hálfu stefnda að óumdeilt sé að frá gerð samkomulagsins til ársins 2015 hafi arðgreiðslum stefnda verið ráðstafað til fjárhaldsmanns Ö en til ársins 2014 hafi öllum arðgreiðslum verið ráðstafað til stefnanda sem fjárhaldsmanns. Með þeirri móttöku hafi stefnandi viðurkennt í verki embætti fjárhaldsmanns, að það falli undir umboð fjárhaldsmanns að veita arðgreiðslum viðtöku fyrir hönd allra sameigenda sinna.

Réttargæslustefndi hafi verið kjörinn fjárhaldsmaður árið 2015 í stað stefnanda með öllum greiddum atkvæðum, þar með talið stefnanda. Þótt nýr fjárhaldsmaður sé kjörinn breytir það ekki skyldu stefnda til að greiða arðgreiðslur til hins nýkjörna fjárhaldsmanns. Því greiddi stefndi honum arðinn 2015 er tilkynnt hafði verið um nýjan fjárhaldsmann vegna Æ-deildarinnar og efndi þar með greiðsluskyldu sína að fullu. Hvernig uppgjöri

sameigendanna og hugsanlegum ráðstöfunum fjárhaldsmannsins sé síðan háttað sé stefnda á hinn bóginn óviðkomandi.

Ekki séu heldur skilyrði til að verða við kröfum stefnanda, jafnvel þótt litið yrði svo á að hún væri félagsmaður í stefnda. Það hefði engin áhrif að lögum hver teldist réttur móttakandi arðgreiðslu þótt hún hefði komið ósk á framfæri um að fá arðgreiðslur beint til sín en að auki sé því sérstaklega mótmælt að stefnandi hafi komið slíku erindi á framfæri við stefnanda áður en arðgreiðslan fór fram 2015.

Fullyrðingu um að stefnandi hafi afhent I bréf þar að lútandi á fundi sameigenda Ö er mótmælt sem ósannaðri enda hafi enginn stjórnarmanna stefnda kannast við að hafa fengið bréfið eða verið kynnt efni þess. Hugleiðingar á fundi sameigenda Ö breyti þessu ekki enda fram komið fyrir dómi af hálfu I að honum hefði ekki verið afhent bréfið heldur einungis gerð grein fyrir efni þess, hann hefði átt von á að fá bréfið sent en það hefði ekki verið gert. Framlagning bréfs á fundi sameigenda Ö sé ekki tilkynning eða ákvæð sem beint sé að stefnda. Slíku erindi hafi ekki verið beint til stjórnar en stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því og þar sem á þá sönnun skorti leiði það sjálfstætt til sýknu stefnda.

Í þessum efnun bendi stefndi einnig á að samkvæmt 8. gr. samkomulags eigenda Ö þurfi samþykki fimm eigenda af sjö til að breyta því. Beiðni eins og sú sem stefnandi tefldi fram hafi falið í sér breytingu á samkomulaginu og því hefði skýrt samþykki þurft að liggja fyrir, en svo sé ekki. Ráðstöfun stefnda á arðinum hafi að auki verið í samræmi við venju og viðeigandi lagaheimildir bæði í lögum um lax- og silungsveiði og jarðalögum sem og almennar umboðsreglur sem kveðið er á um í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, en fjárhaldsmaður sameignarinnar hafi notið stöðuumboðs í samræmi við 2. mgr. 10. gr. þeirra laga og slíkt umboð haldi gildi sínu þar til það er afturkallað í samræmi við 15. gr. laganna eða umboðsmaður lætur af störfum.

Af framangreindu leiði að stefnandi hafi skuldbundið sig að einkarétti til að heimila að fjárhaldsmaður annaðist öll fjármál jarðarinnar Ö með því að standa að gerð samkomulags eigenda sem hafi verið fylgt frá öndverðu. Stefnda hafi þannig verið heimilt að ráðstafa greiðslunni til umboðsmanns stefnanda og efna þar með fjárskuldbindingu sína að fullu. Yrði stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kröfu hennar fælist í því að stefndi þyrfti að tvígreiða kröfuna og slík greiðsla fæli í sér óréttmæta auðgun stefnanda enda óumdeilt að hún er meðal eigenda Ö, en greiðslunni hafi þegar verið ráðstafað til fjárhaldsmanns jarðarinnar. Hún nyti greiðslunnar þannig tvisvar, bæði sem félagsmaður í Ö og sem eigandi eignarhluta í jörðinni.

Loks er í þessum efnun byggt á því að stefndi verði ekki dæmdur til að greiða stefnanda nema helming fjárhæðarinnar vegna arðgreiðslu ársins 2015 þar sem hún eigi einungis einn sjöunda hluta jarðarinnar Ö.

Pegar arður ársins 2017 var greiddur hafi arði Ö að fjárhæð 3.850.000 krónur verið ráðstafað jafnt til allra systkinanna sjö nema einum hluta sem skipt hafi verið í tvennt og annar hlutinn greiddur einum bróðurnum og hinn hlutinn til fyrrum maka. Á þeim tíma hafi verið búið að koma upplýsingum á framfæri við stefnda um að greiða arð vegna Ö til hvers og eins sameiganda jarðarinnar en ekki til fjárhaldsmanns. Hafi það leitt af riftun samkomulagsins um sameignina vegna deilna meðal systkinanna.

Það að greiða öllum systkinunum einn sjöunda hluta hafi byggst á upplýsingum sem studdust við gögn um að raunverulegir eigendur jarðarinnar hefðu verið sjö. Eignarhluta eins af bræðrum stefnanda, F, hefði til málamynda verið þinglýst sem eign stefnanda. Viðkomandi bróðir hefði óskað eftir því að hans hlutur yrði greiddur honum og hefði stefndi orðið við þeirri ósk.

Í ljósi fyrirliggjandi gagna liggja fyrir að F sé réttmætur eigandi eins sjöunda hluta jarðarinnar Ö þrátt fyrir þinglýstar heimildir og þar með réttmætt að greiða honum arð í samræmi við eignarhlutann sem þannig hafi falið í sér fullar og réttar efndir arðgreiðslunnar af hálfu stefnda. Þar sem stefnandi fékk sinn einn sjöunda hluta greiddan samhliða öðrum sameigendum eigi stefnandi engar frekari kröfur á hendur stefnda vegna arðgreiðslunnar. Áréttað er sérstaklega af hálfu stefnda um þetta að stefnanda sé ekki tækt að byggja rétt á málamyndagerningi eins og afsal til hennar á eignarhluta F hafi falið í sér. Krafa sem byggð sé á málamyndagerningi eins og sannað sé í þessu tilviki, meðal annars með ótvíræðri yfirlýsingu stefnanda sjálftrar, sé ekki lögvarin krafa enda hafi málamyndagerningurinn ekki réttaráhrif í samræmi við efni sitt.

Loks er byggt á tómlæti þar sem stefna hafi verið birt árið 2019, nokkrum dögum áður en krafan fyrndist, en stefndi hafi engin erindi fengið er lúta að þessum greiðslum frá fyrri hluta árána 2016 og 2017.

Niðurstaða

Stefnandi krefst greiðslna úr hendi stefnda vegna arðgreiðslna sem greiddar voru af hálfu Æ-deildar stefnda árin 2015 og 2017.

Vegna arðs ársins 2015 er krafist fjárhæðar sem nemur tveimur sjöundu hlutum arðgreiðslunnar sem Æ-deild stefnda innti af hendi í apríl og maí það ár, sem samtals nam 4.000.000 króna. Fjárfrafa stefnanda í þessu tilliti er 1.142.857 krónur. Vegna arðgreiðslu sem deild stefnda greiddi 2017 og nam 3.850.000 krefst stefnandi eins sjöunda hluta. Krefst stefndi þannig 550.000 króna vegna þeirrar arðgreiðslu. Óumdeilt er að Æ-deild stefnda greiddi arðgreiðslu 2015 til fjárhaldsmanns sameignar Ö, réttargæslustefnda B, sem kjörinn hafði verið í það hlutverk af öllum eigendum Ö 30. mars 2015. Greiðslu vegna arðs 2017 greiddi Æ-deild stefnda beint til hvers eiganda.

Fjárkröfur stefnanda vegna þessara tveggja greiðslna eru settar fram í krafti þinglýsts eignarhluta stefnanda í Ö sem er tveir sjöundu hlutar af eigninni. Hinir fimm hlutarnir af

sjö skiptast á milli fimm bræðra stefnanda. Óumdeilt er í málinu að réttur eigandi að einum sjöunda hluta jarðarinnar, sem stefnandi er þinglýstur eigandi að, er sjötti bróðir hennar, F. Þinglýst eignarheimild stefnanda á þeim eignarhluta er til málamynda. Það er jafnframt upplýst í málinu að fjármunir er nema þessum einum sjöunda hluta F sem stefnandi krefur um hafa verið greiddir F.

Réttargæslustefndi greiddi F greiðslu sem meðal annars fól í sér 571.429 krónur sem einn sjöunda hluta af arðgreiðslu vegna 2015 í kjölfar þess að réttargæslustefndi útbjó 20. febrúar 2016 svonefnt uppgjör vegna 2015. Vegna arðs árið 2017 greiddi Æ-deild stefnda F sem nam einum sjöunda hluta, 550.000 krónur, í maí 2017, samhliða því að hinum systkinunum sex voru greiddar sambærilegar greiðslur.

Ekki verður séð að stefnanda sé tækt að lögum að hafa uppi fjárkröfur á hendur stefnda í skjóli málamyndagerings og þá sérstaklega ekki þegar fyrir liggur hver er hinn rétti eigandi og jafnframt upplýst að hann hefur sjálfur mótttekið þessa arðgreiðslu vegna eignar sinnar. Í þessum efnum skiptir einnig máli framburður stefnanda fyrir dómi þar sem hún lýsti því að þeim arðgreiðslum sem hún hefði mótttekið í gegnum tíðina, vegna eignarhluta F, hefði verið ráðstafað annaðhvort beint til hans eða í hans þágu. Því verður að leggja til grundvallar að stefnandi eigi ekki lögvarinn rétt til þessara greiðslna þannig að til þess geti komið að stefndi verði að greiða arðgreiðslurnar öðru sinni. Ítrekað hefur verið leyst úr því fyrir dómi að þegar fyrir liggja sannanir um að löggerningur hafi verið gerður til málamynda verði hann ekki lagður til grundvallar samkvæmt efni sínu andspænis betri rétti annars aðila, F í þessu tilviki, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 308/2012 sem kveðinn var upp 19. desember 2012.

Málatilbúnaður stefnanda um að hún eigi einhvers konar tryggingarréttindi í eignarhluta F til að mæta fjárskuldbindingum vegna fasteignar í hans eigu á X, sem hún er einnig skráð fyrir, á sér ekki stoð í gögnum málsins. Sá málatilbúnaður samrýmist einnig tæplega framburði stefnanda fyrir dómi þar sem hún rakti að það væri háð samkomulagi milli þeirra systkina ef ráðstafa ætti af arðgreiðslum til greiðslu slíkra fjárskuldbindinga auk þess sem F bar um að annast um greiðslur sinna fjárskuldbindinga sjálfur án fulltingis stefnanda.

Af framangreindum ástæðum verður stefndi sýknaður af fjárkröfu stefnanda er lýtur að helmingi fjárkröfu hennar vegna arðgreiðslu sem fram fór 2015 og alfarið sýknaður af fjárkröfu vegna arðgreiðslu sem fram fór 2017.

Óumdeilt er að einn sjöundi hluti þeirrar 4.000.000 króna greiðslu sem Æ-deild stefnda greiddi til fjárhaldsmanns sameignar Ö var vegna eignarhluta stefnanda. Það liggur jafnframt fyrir að bókað var í fundargerð fundar sameignar Ö 30. mars 2015, þar sem réttargæslustefndi var kjörinn fjárhaldsmaður, að stefnandi legði fram bréf dagsett 27. mars 2015 þar sem hún setti fram ósk um að tveim sjöundu hlutum arðs af jörðinni, sem næmu þinglýstum hlutum hennar, yrði ráðstafað inn á persónulegan bankareikning

hennar. Getið er í bókunni að bréfið sé stílað á stjórnir Þ- og Æ-deilda stefnda og að afrit sé sent á stjórnarmenn og meðeigendur. Í sat fundinn sem einn eigenda Ö en hann var jafnframt formaður stjórnar Æ-deildar á þessum tíma. Fyrir dómi lýsti hann því svo að hann hefði litið á málaleitan stefndu sem ósk sem beint væri að sameigendum Ö, sem ekki hefðu staðið rök til að verða við, enda öllum slíkum óskum verið synjað í áranna rás þar sem þær hefðu verið ósamrýmanlegar samkomulagi sameigendanna um einn fjárhaldsmann sem annaðist rekstur sameignarinnar. Aðrir meðeigendur að sameigninni báru á svipaða lund fyrir dóminum þó misfast væri kveðið að orði eftir flokkadráttum í þeirra hópi. Þá bar I um að bréfið hefði aldrei borist Æ-deilinni né stjórnarmönnum hennar og fær sá framburður stoð í framburði annarra stjórnarmanna sem gáfu skýrslu fyrir dómi og báru á sama veg. Í ljósi þessa orkar mjög tvímælis að stefnandi hafi fært sönnur á að hún hafi komið kröfu sinni á framfæri við stefnda þannig að grandsemi stefnda hafi legið fyrir um kröfuna áður en arðgreiðslan var greidd á árinu 2015. Ótvírætt er að stefnandi ber sönnunarbyrðina í þessum efnunum enda með þeim ráðagerðum sem krafan fól í sér verið að víkja frá áralangri framkvæmd.

Við mat á skuldbindingargildi þessara ráðagerða stefnanda fyrir stefnda verður einnig að horfa til þess að kröfugerð hennar, sem kynnt var undir dagskrárliðnum önnur mál á fundi sem haldinn var í samræmi við þinglýst samkomulag sameigenda Ö, var í raun ósamrýmanleg þeim reglum sem samkomulagið grundvallaðist á. Má í þeim efnunum sérstaklega vísa til hlutverks fjárhaldsmanns sameignarinnar samkvæmt 2. gr. samkomulagsins.

Fyrir liggur að réttargæslustefndi var réttkjörinn fjárhaldsmaður á tilvitnuðum fundi 30. mars 2015. Til fundarins var boðað án athugasemda sem aðalfundar með aðalfundardagskrá. Á fundinn var mætt af hálfu allra eigenda og gengið til boðaðrar dagskrár án athugasemda. Það var fyrst nokkru eftir fundinn sem þrjú systkinanna virðast hafa orðið því afhuga að viðurkenna réttargæslustefnda sem réttkjörinn fjárhaldsmann og þá með þeim rökum að stefnandi, sem fyrri fjárhaldsmaður, hefði átt að boða aðalfund og fundinn hefði átt að halda í ágúst. Í ljósi þess að stefnandi hafði látið undir höfuð leggjast að boða til slíks fundar í fimm ár og hafði ekki heldur gert grein fyrir fjárreiðum sameignarinnar á því tímabili verður ekki litið svo á að það sé annmarki á kjöri réttargæslustefnda sem valdi ógildi þess að hann hafi sem einn sameigendanna boðað til fundarins og að fundurinn hafi verið haldinn í mars. Í þeim atriðum ræður úrslitum að mætt var af hálfu allra eigendanna sjö og engar athugasemdir gerðar um fundarboðun eða dagskrá fundarins. Áréttað skal einnig að í 8. gr. samkomulags sameignar Ö er kveðið á um að fimm eigendur af sjö verði að samþykkja breytingar á samkomulaginu. Þótt ekki hafi verið vísað sérstaklega til þessa ákvæðis í fundarboðun eða fundargerð sýnast þau frávík er lúta að því hver boðaði fundinn og að fundurinn var haldinn í mars í stað ágúst vera

næsta smávægileg. Þar ræður úrslitunum að fundurinn var haldinn í anda þessa ákvæðis samkomulagsins enda stóðu allir eigendur jarðarinnar að breytingunni.

Í hlutverki réttargæslustefnda sem fjárhaldsmanns sameignar Ö fólst að öll fjármál jarðarinnar væru á hans hendi. Allt frá gerð samkomulagsins mun það hafa verið sammæli systkinanna sem að því stóðu að arðgreiðslur vegna laxveiði skyldu greiddar fjárhaldsmanni og að í hans hlutverki fælist að annast um greiðslu kostnaðar. Hagnaði skyldi að því loknu skipt milli eignarhluta nema annað væri ákveðið á aðalfundi. Þar sem réttargæslustefndi hafði verið kosinn fjárhaldsmaður hafði hann stöðuumboð til þess að koma fram fyrir hönd sameigendanna og taka við greiðslum. Heimildir réttargæslustefnda í þessum efnum voru í fullu samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Í þessu ljósi og aðildar stefnanda sjálftrar að nefndu samkomulagi var framsett fjárfkrafa hennar um að fá greiðslu beint án milligöngu réttargæslustefnda í brynni andstöðu við samningsskuldindingar hennar er fólust í aðild að samkomulaginu.

Með hliðsjón af framangreindu verður lagt til grundvallar að Æ-deild stefnda hafi verið í fullum rétti til að greiða arð ársins 2015 til réttargæslustefnda. Hann hafði ótvírætt umboð til þess að taka við greiðslunni, umboð sem stefnda var kunnugt um og var heimilt að byggja á. Greiðsluskuldbinding stefnda var þannig að fullu efnd með þeirri greiðslu. Ber því einnig að sýkna stefnda af þeim hluta kröfu stefnanda vegna arðgreiðslu ársins 2015 sem grundvallaður er á eignarhluta hennar að einum sjöunda hluta jarðarinnar Ö.

Stefnandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eins og í dómsorði greinir en ekki er nægt tilefni til að dæma álag í samræmi við 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eins og stefndi hefur krafist, vegna framgöngu stefnanda við rekstur málsins. Þá er tímafjöldi sem bókaður er í tímaskýrslu lögmanns stefnda nokkuð úr hófi og verður því ekki alfarið á henni byggt.

Af hálfu stefnanda flutti Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður málið, en af hálfu stefnda flutti málið Grímur Sigurðsson lögmaður.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Veiðifélag Þ, Æ og Z, er sýkn af kröfum stefnanda, E. Stefnandi greiði stefnda 1.700.000 krónur í málskostnað.

Björn L. Bergsson